

# STRANDLEIÐ

10KM GÖNGULEIÐ MEÐFRAM STRÖNDINNI





REYKJANESBÆR

Tími til að lifa og njóta

# HVAÐ VILTU GERA Á STRANDLEIÐINNI?

**Þú getur hlaupið, hjólað, rölt  
eða staldrað við á Strandleiðinni**

Áhersla við mótun strandleiðarinnar tengist fjölnotagildi. Auðvitað er hægt að hlaupa, skokka eða ganga eftir 10 km stíg. En það er hægt að njóta hans með ýmsum öðrum hætti. Þegar aðgangur að ströndinni er skapaður með Strandleiðinni koma skýrar í ljós fallegar fjörur og saga samfélagsins verður ljósari.

Í náttúrunni við strendur Keflavíkur og Njarðvíkur er mikið dýralíf. Fallegar gamlar varir eða útróðrarstaðir koma í ljós sem segja merka sögu sjósóknar á þessum slóðum. Bergmyndanir segja sögu jarðfræðinnar á lifandi hátt.

Ýmiss fróðleikur um þetta og margt fleira hefur verið skráður á grjótstanda víðsvegar um Strandleiðina. Svæði eru mynduð til að teygja úr sér og slaka á í fallettri náttúru.

*Megi heimamenn og gestir vel njóta,  
Árni Sigfússon bæjarstjóri*



**REYKJANESBÆR**

*reykjanesbaer.is*

# UM STRANDLEIÐINA

Reykjanesbær hefur fengið nýja ásýnd á undanförunum árum. Strendur bæjarlandsins hafa verið hreinsaðar og viðkvæm strandlengja, sem sjórinn svarf stöðugt úr, er nú nánast öll varin með fallegum grjóthleðslum. Göngustígum hefur verið fjölgað og gróðurækt stóraukin.

Þessu korti er ætlað að kynna fyrir íbúum og ferðamönnum nýja 10 km langa gönguleið sem liggur meðfram sjónum allt frá Berginu í Keflavík yfir til Ytri- og Innri Njarðvíkur upp á Vogastapa. Hún ber nafnið **Strandleið**.

Um nokkurra ára skeið hefur verið unnið að því að verja strönd Reykjanesbæjar fyrir sjógangi. Það hefur verið gert með því að nýta grjót úr jarðvinnu í Helguvík til að verja viðkvæma standlengjuna fyrir landrofi af völdum sjávar. Við það myndaðist kjörið tækifæri til að byggja göngustíga meðfram grjótgörðunum og opna þannig sýn og aðgang að fallegum strandsvæðum.



**Strandleið.** Horft yfir Vatnsnes, Vatnsnesklettur og Vatnsnesviti lengst til vinstri. Básbyggja var byggð á Vatnsnesi 1929 og var afli keyrður þar beint frá borði og inn í hús til verkunar.

# SJÁVARFÖLLIN



Á hverjum sólarhring er tvisvar flóð og þar af leiðandi tvisvar fjara. Það eru að meðaltali 12 klukkustundir og 25 mínútur á milli tveggja flóða, þannig færist tími háflóðs aftur um 50 mínútur á hverjum sólarhring. Sjávarföllin byrja við suðurströndina og fara svo réttsælis um landið. Flóð við sunnanverða Austfirði verður 10 klukkutímum seinna en í Reykjavík.

Ýmsar veiðar hafa tengst beint flóði og fjöru bæði varðandi lögn og drátt veiðarfæra. Þá er liggjandinn eða ögurstundin milli flóðs og fjöru þekktur þáttur í vinnuferli til sjós. Flóð og fjara hefur löngum skipt máli við hafnir landsins, sérstaklega með tilliti til hæðarmunar við bryggju. Hæðarmunur á flóði og fjöru getur orðið allt að 5 metrar hér um slóðir.

**Málverk eftir Eggert Guðmundsson sem sýnir Stapakot og víkina Kópu en þar var útræði og uppsátur fyrir árabáta.**

# ÓLIVÍN, KRISTALLAR OG JÁRN

---

Sjóvarnagarðarnir eru úr grágrýti sem rann fyrir 200.000 árum. Grjótið er sprengt úr hraunlagastabbanum í Helguvík. Á stöku stað í þessu stórgrýti eru þær frumsteindir sem bergið er gert úr það stórar að auðvelt er að greina þær.

Ólivínið sem er grænt á litinn myndar græna flekki á sumum steinanna og ef betur er að gáð má sjá þar ljósa eða glæra plagíóklasa og dökka ágít kristalla.

Víða má sjá blöðrur sem myndast hafa í hrauninu þegar það afgasaðist og sumstaðar sést hvernig gasið hefur skilið eftir sig rákir eða rör þegar það steig upp í gegnum hálfstorknaða hraunkvikuna.



*Einnig má sjá rauðar járnútfellingar sem myndast hafa á yfirborðum einstaka hrauntaums og jafnvel bregður fyrir hraunreipum sem eru kólnunarfyribæri á dyngjuhraunum.*

# FERÐAST MILLI FJALLS OG FJÖRU

Sendlingur er algengur í grýttum fjörum og klettafjörum þar sem hann leitar að æti í þanginu, eins og þanglúsum og marflóm. Sendlingurinn er gæfur og oft hægt að komast nálægt sendlingahópum ef farið er rólega.



Sendlingur (*calidris maritima*)

Þótt flestir sjái sendlinginn fyrir sér sem fjöruflugl eru varpstöðvar hans oft eins langt frá sjó og hægt er að komast. Hann verpir inn til heiða og uppi á fjöllum og er þar stundum kallaður heiðlæpa. Sendlingar verpa á Hafnarsandinum og Miðnesheiðinni.

## UPPLÝSINGASKILTI

Reykjanesbær hefur sett upp fjölda upplýsingaskilta á **Strandleiðinni** sem hafa að geyma fróðleik um menningu, sögu og dýralíf. Þannig gefst íbúum tækifæri til þess að fræðast um sögu og helstu einkenni bæjarfélagsins og njóta um leið útivistar í fallegu umhverfi.



# GÆTUM AÐ UMHVERFI OKKAR

SÝNUM SAMBORGURUM OKKAR  
OG UMHVERFI VIRÐINGU





# STRANDLEIÐ

Í REYKJANESBÆ

**Hefur þú séð flæðarmús?**  
Sagt er að þeir sem eru glöggir og handfljótir geti gripið sérkennilega skepnu sem kallast flæðarmús. Ef þér tekst að handsama flæðarmúsina verður þú umvafinn ljóma lukkustjörnu og mýsla mun draga til sín peninga úr sjónum.



**Hvalir**  
Úti fyrir Reykjanesbæ má oft sjá hvali að leik



**Stapagatan**  
Ferðast á milli byggða, varða í baksýn.

Leiðin upp að stapa  
Sjá má móta fyrir gömlu þjóðleiðinni sem liggur samhliða Strandleið.



**Keflavík á 19. öld**  
Árbátar í Stokkavör og uppsátri Fischersverslunar.



**Básbryggja**  
Á þriðja áratugnum tóku forvígismenn fjögurra útgerða sig til og komu sér upp aðstöðu í Básnum á Vatnsnesi.



**Fuglar**  
Á Strandleiðinni má m.a. sjá: Hrossagauk, stelk, þúfuttling, sendling, skúfönd, silamáf, ritu, fil, álku, teistu, lunda og æðafugl svo eitthvað sé nefnt.



**Eldhúsið í Stapakoti**  
Málverk af eldhúsinu eftir Eggert Guðmundsson listmálara sem fæddist í Stapakoti í Innri Njarðvík árið 1906.



**Skessan**  
Skessuna þekkjast flestir, en hún býr í helli við smábátahöfnina og er vinsæl hjá yngstu kynslóðinni.



**Vatnsnesviti**  
Byggt 1921. Vitinn er 8,5m á hæð og ljóshæð er 15m.



**Stekkjarhamar**  
Örnefnið á hamrinum bendir til þess að þar hafi verið stekkur sem minnir á þá tíð þegar lömb voru færð frá ánum til að hægt væri að mjólka þær.



**Jónasarvör í Ytri Njarðvík**

**Kópa**  
Kópa Gamlar rústir



**Baldursbrá**  
*Matricaria maritima*  
Baldursbrá er blóm af kórfulómaætt sem ber hvít blóm. Baldursbrá vex gjarnan í fjörusandi, á malarbornum hlöðum og í nágrenni við þéttbýli og geta glöggir göngugarpar séð hana á Strandleiðinni.

Stakksfjörður

Innri Njarðvík

**Tjarnirnar**  
í Innri Njarðvík

**Víkingaheimar**  
Íslendingur og víkingasaga



**Landnámsdýragarður**  
í Víkingaheimum




Keflavík

**Skessuhellir**  
Hér býr Skessan

**Smábátahöfnin**  
Fyrir neðan Duus má finna smábátahöfnina


**Duushús**  
Menningar- og listahús Reykjanesbæjar



**Gamla bæjarmerki**  
Keflavíkur

**Stekkjarhamar**  
Útivistarsvæði

**Bolafótur**  
Hallgrímur Pétursson sálmaskáld og Guðríður Símonardóttir bjuggu á kotbýlinu Bolafæti á fyrstu hjúskaparárum sínum.



**Bolafótur**

**Gamla bæjarmerki**  
Njarðvíkur

**Hlutverk**  
Ljósastaurarnir skemmtilegu

**Fitjar**  
Verndað náttúrusvæði með fjölbreyttu fuglalífi

Strandleiðin mun liggja nær ströndinni á þessum kafla í seinni áfanga.